



Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2019

R19010257

430

bp

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á forgangsreglum í leikskóla - leiðrétt bréf

Á fundi borgarráðs þann 7. mars 2019 var lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á forgangsreglum í leikskóla, sbr. 36. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. janúar 2019. Einnig er lögð fram umsögn skóla- og frístundasviðs, dags. 28. febrúar 2019.

Borgarráð samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á reglum um styrkveitingar

SKJALAVER
HÖFÐATORGI

13. MAR. 2019

Málsnr.: SFS 2019-01-0146

Bréfalykill: 6.2

BORGARRÁÐ 17. janúar 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á forgangsreglum í leikskóla - R19010257

Flokkur fólksins leggur til að gerðar verði breytingar á forgangsreglum í leikskóla þannig að einstætt foreldri sem er með fullt forræði yfir barninu fái forgang í þeim tilfellum sem hitt foreldrið tekur ekki fæðingarorlof. Í þessum tilfellum þarf hið einstæða foreldri að fara út á vinnumarkaðinn þremur mánuðum fyrr en ella þ.e. þegar barnið er 6 mánaða. Ef forsjárlaust foreldri tekur ekki fæðingarorlof situr forsjárforeldrið ekki við sama borð og foreldrar sem deila með sér fæðingarorlofi.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 28. febrúar 2019
SFS2019010146
6.2
HG/EHP/GS/shj

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Umsögn frá skóla- og frístundasviði við tillög áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á forgangsreglum í leikskóla - R19010257

Vísað er til bréfs frá skrifstofu borgarstjórnar, dagsett 22. janúar 2019 þar sem óskað er umsagnar skóla- og frístundasviðs um svohljóðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingu á forgangsreglum í leikskóla sem lögð var fram í borgarráði þann 17. janúar 2019:

Flokkur fólksins leggur til að gerðar verði breytingar á forgangsreglum í leikskóla þannig að einstætt foreldri sem er með fullt forræði yfir barninu fái forgang í þeim tilfellum sem hitt foreldrið tekur ekki fæðingarorlof. Í þessum tilfellum þarf hið einstæða foreldri að fara út á vinnumarkaðinn þremur mánuðum fyrir en ella þ.e. þegar barnið er 6 mánaða. Ef forsjárlaus foreldri tekur ekki fæðingarorlof situr forsjáforeldrið ekki við sama borð og foreldrar sem deila með sér fæðingarorlofi

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Í 3. mgr. í gr. 1. a í reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu kemur fram að miðað sé við að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust. Í leikskólum þar sem starfræktar eru skilgreindar ungbarnadeildir er heimilt að innrita yngri börn. Heimildin er háð viðmiðum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma og ræðst af því sem pláss og fjármagn leyfir.

Í 8. mgr. í gr. 1.a í reglum um leikskólaþjónustu kemur fram að á tilteknum leikskólum starfrækir Reykjavíkurborg sérstakar ungbarnadeildir. Börn, sem hefja dvöl á ungbarnadeildum, geta hafið leikskóladvöl allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau flytjist á deild fyrir eldri börn innan sama leikskóla um þriggja ára aldur. Börn innritast á ungbarnadeildir eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmið deildarinnar.

Jafnframt er kveðið á um í 4. gr. reglna um leikskólaþjónustu að leikskóladvöl barns með forgang hefjist í fyrsta lagi við 12 mánaða aldur.

Hægt er að sækja um forgang vegna barna sem orðin eru fimm ára, vegna fatlaðra barna og barna með skilgreind þroskafrávik, vegna barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi en þar undir falla barnaverndarmál, alvarleg veikindi, alvarleg fötlun eða alvarlegir félagslegir erfiðleikar hjá fjölskyldumeðlimum barnsins. Auk þess geta foreldrar undir lögaldri (18 ára) sótt um forgang fyrir börn sín og það sama gildir um einstæðir foreldra með þrjú eða fleiri

börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára. Þá geta foreldrar þrífura sótt um forgang. Að lokum getur starfsfólk leikskóla sótt um forgang. Um nánari skilyrði er vísað til 4. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

Með vísan til framangreinds er við það miðað að börn hefji ekki leikskóladvöl fyrr en við 12 mánaða aldur.

Með stofnun ungbarnadeilda og breytingum á inntöku barna, þar sem verið er að taka yngri börn í leikskóla en áður var er vonast til að eftir fáein ár verði hægt að bjóða öllum börnum frá 12 mánaða aldri leikskóladvöl.

Þegar hægt verður að bjóða öllum börnum leikskóla frá 12 mánaða aldri gæti komið til þess að reglur um forgang í leikskóla verði endurskoðaðar með tilliti til aldurs barna.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að breyting á reglum um forgang vegna barna einstæðra foreldra sé ekki tímabær umræða að svo stöddu en auk þess að breyta reglum um forgang þyrfti að breyta viðmiði varðandi það hvenær börn geti hafið dvöl í leikskóla auk þess sem endurskoða þyrfti starfsemi leikskólanna með það í huga að þar geti dvalið börn niður í 6 mánaða aldur.

Á það er bent að samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um niðurgreiðslu daggæslu vegna barna hjá dagforeldrum, 8. mgr. í gr. 3.a., er niðurgreitt gjald dagforeldra fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri til samræmis við nánari skilyrði í gr. 6.a og 6.b. í sömu reglum.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs